

13. gr.

Eftirlit.

Eftirlitsmaður hitaveitu skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan-
húss og utan meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa verið
viðurkenndar af eftirlitsmanni.

14. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing
liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opin-
berra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps,
staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar
gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

10. maí 1976.

Nr. 203.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322 8. nóvember 1973.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 545.00 á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 975.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl
1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem
hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. maí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

17. maí 1976.

Nr. 204.

Bréf menntamálaráðuneytisins um bindindiseftirlit í skólum.

Ákvæði í bréfi menntamálaráðuneytisins nr. 120, dags. 7. júlí 1970, varðandi
heimild til að vin sé haft um hönd í skólahúsum sem notuð eru til hótélrekstrar að
sumarlagi meðan skóli starfar ekki, eru hér með felld úr gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. maí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.